

Fundur skólanefndar Menntaskólans við Tröllaskaga 8. apríl 2010, kl. 14:30 í fjarfundarbúnaði bæjarskrifstofunni Ólafsfirði og bæjarskrifstofunni Siglufirði.

Mættir: Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir formaður, Lára Stefánsdóttir skólameistari, Helgi Jóhannsson, Bergþór Morthens, Hildur Ösp Gylfadóttir og Jónína Magnúsdóttir.

Formaður setti fundinn og kynnti dagskrá fundarins.

Dagskrá:

1. Kynningarmál
 - a. Nemendur og foreldrar
Skólameistari sagði frá kynningarfundum á Siglufirði, Dalvík og Ólafsfirði um skólann fyrir foreldra, nemendur grunnskólanna og nemendur í fjarnámssetrunum Siglufirði og Ólafsfirði.
 - b. Vefur skólans
Skólameistari lagði fram tillögu að útliti fyrir heimsíðu fyrir skólann. Skólanefndin samþykkir útlitið.
2. Starsfmannahald. Skólameistari óskar eftir að auglýsa sem allra fyrst eftir aðstoðarskólameistara í 50% starf en þó yrði staðan 100% stjórnunarstarfshlutfall fram á haustið. Rætt um mikilvægi þess að setja upp launaskapalón til að ná utan um mögulegan fjölda stöðugilda og kostnaðinn við það.
3. Húsnæði skólans. Skólameistari upplýsti að nú væri í skoðun að leigja Gagnfræðaskólahúsið í Ólafsfirði undir starfsemi Menntaskólans á Tröllaskaga frá og með næsta hausti. Formaður byggingarnefndar hefur skoðað húsnæðið ásamt skólameistar og er reikna þeir með að leigja húsið að undanskilinni norðurálmú, en þar eru kennslustofur fyrir list- og verkgreinar.
4. Fjármál skólans. Skólameistari upplýsti að rúmlega 20 milljónir fari út af fjárheimild skólans, til VMA, vegna vorannar. Jafnframt upplýsti skólameistari að listi yfir stofnbúnað fyrir skólann liggur fyrir.
5. Námskrá. Umfjöllun frestað
6. Samgöngumál. Skólameistari átti fund með samgönguráðherra vegna samgangna um Ólafsfjarðarmúla. Þar kom fram að í ráðuneytinu væri verið að skoða úrbætur í þeim efnun.

Fundi slitið kl. 16.30